

## Bókun um ársreikning 2021

Ánægjulegt er að Akraneskaupstaður skilar á rekstrarárinu 2021 rúmlega 578 m.kr. rekstrarafgangi á samstæðureikningi bæjarins. Þessi jákvæða niðurstaða er 464 m.kr. betri niðurstaða en upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og 721 m.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun með viðaukum.

Þessi árangur næst þrátt fyrir að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga sé 135 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir, þrátt fyrir ójafna kostnaðarskiptingu ríkisins og Akraneskaupstaðar vegna málefna fatlaðra á árinu 2021 og þrátt fyrir að verðbólga mælist langt umfram markmið Seðlabanka Íslands.

Rekstur Akraneskaupstaðar einkennist af ábyrgri og traustri fjármálastjórn. Skuldaviðmið samstæðunnar fer lækkandi og er núna 20%, veltufé frá rekstri er 16,98% eða 1519 m.kr, veltufjárhlutfall er 1,79, eiginfjárhlutfall 58% og framlegðarhlutfall 4,35%. Handbært fé nam í árslok 1.571 m.kr og fjárfest var fyrir 1062 milljónir á árinu 2021.

Þessi sterka rekstrarniðurstaða er Akraneskaupstað mikilvæg. Í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022 var pólitísk samstaða um að ráðast í umfangsmikla uppbyggingu hér á Akranesi til þess að bæta vinnuáðstæður og veita áfram góða grunnþjónustu í samfélaginu.

Útgjöld vegna málefna fatlaðs fólks hafa haldið áfram að vaxa og uppsafnaður halli af málaflokknum er á árinu 2021 samtals 717 m.kr sem er með öllu óásættanlegt. Það þarf að vera forgangsatriði að halda áfram að ýta á að ríkisvaldið greiði sveitarfélögum sanngjarnt framlag til málaflokksins.

Ánægjulegt er að sjá viðsnúning í rekstri Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis. Rekstrarniðurstaða Höfða er jákvæð um rúmar 65 m.kr sem er 79 m.kr betri niðurstaða en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir.

Akranes er samfélag í sókn. Samfélag þar sem bæjarstjórn hefur lækkað álagningarprósentur á íbúðar- og atvinnuhúsnæði á kjörtímabilinu en um leið varið grunnþjónustu og ráðist í gríðarlega öflugra innviðaupbyggingu. Þessi staðreynd sýnir fram á að fjárhagsstaða Akraneskaupstaðar er sterk og þessi sterka staða skapar tækifæri til að hlúa vel að velferð og lífsgæðum íbúa á Akranesi.

En þó að reksturinn sé traustur þá er mikilvægt að bæjarfulltrúar haldi áfram að fara vel með fjármuni samfélagsins. Horfi áfram í það hvernig hægt er að auka tekjur kaupstaðarins og fylgist stöðugt með þróun útgjalda. Að bæjarfulltrúar séu tilbúnir til að leita leiða til að viðhalda þeirri styrku stöðu sem við höfum nú.

*Valgarður L. Jónsson*

Valgarður L. Jónsson

*Bára Daðadóttir*

Bára Daðadóttir

*Kristinn H. Sveinsson*

Kristinn H. Sveinsson

*Elsa Lára Arnardóttir*

Elsa Lára Arnardóttir

*Ragnar B. Sæmundsson*

Ragnar B. Sæmundsson